

Ísland, 22. mars 2022

Mál nr. 49/2022

Efni: Umsögn um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla

Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) eru þakklát fyrir það tækifæri að hafa áhrif á áherslur og verklag matvælaráðuneytisins við stefnumótun á sviði matvæla.

Við viljum byrja á því að undirstrika að við teljum að tillagan að landbúnaðarstefnunni *Ræktum Ísland!* sé góður grunnur að aðgerðaáætlun fyrir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu. Við tökum í öllum meginatriðum undir það sem þar kemur fram, sérstaklega í efnisflokki 3 (matvælaöryggi), 15 (bein tengsl bænda og neytenda) og 19 (framkvæmd EES löggjafar), því þar endurspeglast megin inntak okkar sjónarmiða sem við komum á framfæri við verkefnisstjórnina í ræðu og riti og má því finna samhljóm á milli þessarar umsagnar og [umsagnar okkar um “Ræktum Ísland!”](#) og það sem þar kemur fram.

SSFM vekja athygli á því að í stefnunni sé mikilvægt að gera greinarmun á því hvenær verið sé að tala um [frumframleiðslu](#) (landbúnað/ræktun undirstöðuafurða) og hvenær [matvælafyrirtæki](#) (framleiðslu á matvælum úr undirstöðuafurðum).

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjóltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.

Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eða ekki, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Greinargerðin

1. Matvæli í stjórnarsáttmála - „Við ætlum að nýta tæknibreytingar til að skapa aukin lífsgæði“

*„Íslenskur landbúnaður, sjávarútvegur og fiskeldi eru þungamiðja í innlendra matvælaframleiðslu sem verður eflað á kjörtímabilinu. Með auknum áhuga á **hreinum afurðum**, sem framleiddar eru með endurnýjanlegri orku og grunnu kolefnisspori á Íslandi, skapast mikil sóknarfæri í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða. Við viljum búa þessari starfsemi **samkeppnishæft umhverfi** til að gera henni kleift að standa enn betur undir því fjölþætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa **atvinnu og byggðafestu**, auk þess að vera mikilvægur **valkostur** fyrir neytendur á Íslandi. Skipulag **náms** sem tengist matvælaframleiðslu á framhalds- og háskólastigi verður endurskoðað með það að markmiði að styrkja bæði menntun og rannsóknir.“*

Fæðuöryggi, matarauður, matarmenning og aðgengi að markaði

EKKI MÁ VANMETA mikilvægi smáframleiðenda, heimavinnsluaðila og matarfrumkvöðla til að tryggja og viðhalda fæðuöryggi og hafa skal hugfast að rækt við íslenskan matarauð og matarmenningu er til þess fallið að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni hér á landi og áhuga neytenda á henni.

Matvælaöryggi og fjareftirlit

Nýta þarf fjórðu iðnbyltinguna til að draga úr kostnaði og auka skilvirkni eftirlitskerfisins og tryggja að það styðji við nýjar leiðir til verðmætasköpunar án þess að slá af kröfum um matvælaöryggi.

Eitt af því sem hún hefur fært okkur er möguleiki á rafrænu eftirliti (fjareftirlit) sem leggja ætti áherslu á að verði nýtt eins og kostur er, enda geti það sparað mikinn tíma og kostnað. Til að af því verði er nauðsynlegt að stjórnvöld setji um það skýra stefnu ásamt aðgerðaáætlun með mælikvörðum sem fylgt sé eftir, en eftirlitsstofnunum sé ekki í sjálfsvald sett hvort og hve hratt þær innleiða slíkt eftirlit og fyrir hvaða greinar. Ávinningurinn af vel heppnaðri innleiðingu getur orðið mikill.

Námsframboð og rannsóknir

Matvælaframleiðsla þarf að vera fyrirferðameiri í námi hérlendis, þar sem m.a. er lögð áhersla á að nýta matarkistu Íslands á sjálfbæran hátt og kynna þá möguleika sem landið býður upp á í ræktun matjurta og búfjár sem stuðlar að því að fleiri leggi slíkt fyrir sig, sbr. námsbrautina *Sjálfbærni og sköpun* í Hallormsstaðaskóla.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum þjónar mikilvægu hlutverki varðandi kennslu og rannsóknir við framleiðslu garðyrkjuafurða og er því ein varðan af mörgum hvað varðar matvælaöryggi Íslands.

Hvernig ætlum við að þróast sem landbúnaðarland þegar sú stofnun sem á að vera með þetta málefni á sinni könnun er fjársvelt og rannsóknir Lbhí í lágmarki (sl. 20 ár), sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld hafi gefið það út að stuðla eigi að auknu framboði grænmetis og ávaxta.

Það er pólitísk ábyrgð að tryggja að hér á landi sé stunduð matvælaframleiðsla og því tengt þarf að tryggja kennslu og ekki síður rannsóknir sem eru forsenda þess að það verði framfarir í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Ekki er hægt að treysta á rannsóknir erlendis frá þar sem aðstæður hér eru ólíkar.

Frá því að Korpa var lögð niður hafa varla verið neinar yrkjarannsóknir. Rannsóknir eru mikilvægur undirbúningur ræktunar til matvælaframleiðslu. Í Danmörku voru sem dæmi gerðar rannsóknir á a.m.k. 16 mismunandi sinnepsyrkjum áður en farið var út í ræktun til mannelis. Það er ekki hægt að láta einstaklinga/frumkvöðla eina bera kostnaðinn af slíkri tilraunastarfsemi.

Frumframleiðsla hefur aldrei verið eins snúin og núna og margir komnir á þann stað að vera að gefast upp, enda hefur þróunin orðið sú að þetta er sífellt meiri vinna fyrir minna. Fæðuöryggi verður aldrei tryggt nema fjölbreytt matvæli séu framleidd hér og við sjálfum okkur nóg.

Landshlutar - kortlagning

Mikil tækifæri eru til vaxtar og eflingar íslensks landbúnaðar þar sem einungis 1,6% af landinu öllu er nýtt til ræktunar á meðan áætlað hefur verið að um 6% sé nýtanlegt.

Kortleggja þarf hvað verið sé að rækta og framleiða í hverjum landshluta og hvar ónýtt og vannýtt tækifæri liggja. Í framhaldi af því gera aðgerðaáætlun um að grípa tækifærin í samstarfi við sveitarfélögin. Stuðla þarf að því að hver landshluti geti orðið sem mest sjálfbær um undirstöðuafurðir og um leið að aukinni nærsamfélagsneyslu, en til þess að af því geti orðið þarf að endurskoða dreifileiðir.

Hvað fellur undir matvælaframleiðslu

Fleiri auðlindir en þær sem eru skilgreindar sem landbúnaður, sjávarútvegur og fiskeldi eru nýttar í matvælaframleiðslu, t.d. kísill. Á síðasta ári var umsókn félagsmanns okkar hafnað af Matvælasjóði þar sem vinnsla kísils til framleiðslu fæðubótarefna var ekki talin falla undir ofangreind hugtök. Á matsblaðinu stóð: „*Verkefnið fellur hins vegar ekki nægilega vel að stefnu Matvælasjóðs þar sem það er ekki unnið úr íslenskum matvælum eða hliðarafurðum þeirra.*“ Þetta sýnir að endurskoða þarf hvað er skilgreint sem íslensk matvæli, a.m.k. hjá Matvælasjóði.

Skelfisks- og þörungarækt

Vegna verulega íþyngjandi reglna hefur kræklingarækt sem dæmi nánast lagst af og engin endurnýjun orðið. Í stað þess að fara yfir það í löngu máli hér vísum við í [frétt frá 2012](#) sem segir allt sem segja þarf um þær ógöngur sem skelfisks- og þörungarækt er í. Síðan þá hafa engar framfarir orðið, frekar að ástandið hafi versnað. Afleiðingin er sú að nánast ógjörningur er að nálgast innlendar afurðir og það sem í boði er að stærstum hluta innflutt sem er að sjálfsögðu óásættanlegt með öllu.

Skoða þarf hvort ekki sé rétt að skrifa reglugerð með stoð í lögum um fiskeldi sem er í samræmi við hina svokölluðu [smáræðisreglugerð](#) sem á stoð í lögum um matvæli sem ná yfir þær greinar sem falla undir fiskeldið, þ.m.t. skelfisk- og þörungarækt.

Tækifærin

Hvetja þarf, en ekki letja, frumkvöðla til að framleiða vörur hér á landi sem í dag eru að mestu eða öllu leyti innfluttar, ef þeir sjá möguleika og tækifæri til ræktunar/framleiðslu hérlendis. Tilvalið væri að samráðshópur myndi kortleggja hvað sé ekki framleitt hér á landi í dag sem er sannanlega framleiðanlegt og stuðla að því að einkaaðilar grípi boltann og þeim veittur stuðningur til þess. Vísum í góða [samantekt](#) um rekstrargrundvöll matarfrumkvöðla.

Röng skráning innfluttra matvæla í tollskýrslur er vandamál því það gerir allt yfirlit yfir innflutning ónákvæmt. Þeir sem hafa áhuga á að rækta matvæli í samkeppni við innflutt verða að geta metið stærð markaðar og þróun. Mælaborð landbúnaðarins verður ekki nothæft ef frumgögnin sem það les úr eru röng, villandi og/eða ekki nógu skýr.

2. Vinna matvælaráðherra við matvælastefnu

„Matvælaráðherra hefur í hyggju að setja saman hóp starfsmanna MAR og utanaðkomandi sérfræðinga til að vinna að útfærslu matvælastefnunnar þannig að hún verði leiðarstef þegar kemur að matvælaframleiðslu á Íslandi, hvort heldur sem er á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs eða fiskeldis.“

SSFM telja afar mikilvægt að sjónarmið smáframleiðenda matvæla komi fram við útfærslu matvælastefnunnar og leggja áherslu á að í hópnum sé fulltrúi þeirra með reynslu og þekkingu á málefnum.

3. Markmið stefnunnar

1. Ísland verði í fremstu röð ríkja í gæðum framleiddra matvæla.
2. Framleiðsla verði arðbær og byggj á nýtingu lifandi auðlinda sem standist öll viðmið um sjálfbærni nýtingar og hafi vísindi vistkerfisnálgunar og varúðar að leiðarljósi.
3. Vinnsla afurða hámarki nýtingu aðfanga og lágmarki myndun úrgangs.
4. Matvælaframleiðsla verði kolefnishlutlaus og kolefnisjöfnun byggj á náttúrumiðuðum lausnum sem samræmist alþjóðlegum skuldbindingum. Framleiðendum verði umbunað með einhvers konar skattaávilnunum til að hvetja til kolefnishlutleysis þar sem það getur annars orðið of dýrt og þannig óframkvæmanlegt í núverandi kerfi.
5. Matvæla- og fæðuöryggi standi á traustum stöðum og öll framleiðsla miði að heilbrigðu umhverfi, heilsu fólks og heilbrigði dýra.
6. Framleiðsla styðji við byggð og uppbyggingu þekkingar í samfélaginu.
7. Ákvarðanir um nýtingu lifandi auðlinda taki jafnframt mið af samfélagsgæðum, jöfnuði óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu, og að hagur heildarinnar í efnahagslegu tilliti sé hafður að leiðarljósi.

Um ofangreind markmið vilja SSFM koma eftirfarandi á framfæri:

[Kannanir](#) hafa ítrekað sýnt að innlendir neytendur vilja velja íslenskt, en til þess að þeir hafi raunhæfa möguleika á því þarf að stuðla að því að íslensk vara/ræktun sé í boði og tryggja að merkingar séu upplýsandi. Samráðshópur um betri merkingar matvæla skilaði [skýrslu](#) með tólf tillögum í september 2020 sem fæstar hafa komið til framkvæmda. Samtökin vilja sjá þeim hrint í framkvæmd án tafar og leggja áherslu á eftirfarandi:

- SSFM fagna því að tillaga 7 um Búvörumerki sé komin til framkvæmda, en minna á að það er eingöngu fyrir forpökkuð matvæli. Þar sem ekki eru gerðar kröfur um að **óforpökkuð matvæli** sem seld eru á veitingastöðum, mötuneytum og að einhverju leyti í verslunum séu upprunamerkt, heldur þurfi eingöngu að geta veitt þær upplýsingar munnlega, hafa neytendur á þeim stöðum mun síður möguleika á upplýstu vali. Stór hluti þess kjöts sem þar er í boði er innflutt án þess að neytendur geri sér grein fyrir því. Við leggjum því áherslu á að „finnska leiðin“ verði farin án tafar hér á landi, eins og lagt er til í skýrslunni (sjá nánar tillögu 1 á glærum 28-29).
- Varðandi notkun **íslenska fánans** ([fánalögin/reglugerð](#) um notkun hans) þá tökum við undir það sem fram kemur í skýrslunni um að aukin verði ráðgjöf og leiðbeiningar bættar um notkun þjóðfánans á matvælum (sjá nánar tillögu 3 á glærum 32-34).
- Að sama skapi teljum við mikilvægt að **fiskafurðir** séu merktar þannig að neytendur hafi möguleika á upplýstu vali og vísun í tillögu 4 um merkingar fiskafurða sem gerð eru skil á glærum 35-36, enda með öllu ólíðandi að á Íslandi hafi neytendur mun minni rétt til upplýsinga um fiskafurðir en neytendur innan ESB.

Beita þarf viðurlögum séu matvæli ranglega merkt.

6. Landbúnaðarstefna: Búvörusamningar

„Síðari endurskoðun samninganna fer fram árið 2023. Kveðið er á um það í samningunum að við síðari endurskoðun geti aðilar ákveðið að hefja viðræður um nýja samninga sem geti tekið gildi árið 2025. Í framangreindri tillögu að landbúnaðarstefnu er lagt til að áherslum í styrkjakerfi landbúnaðarins verði breytt og dregið verði úr framleiðslutengingu stuðningsins. Annars vegar verði stutt við búsetu í sveitum, óháð því hvaða framleiðslugrein er stunduð, og hins vegar verði aukin áhersla lögð á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar og landvörslu og loftslagsmál.“

Mikilvægt er að þróa styrkjakerfi landbúnaðarins á þann hátt að stutt verði við búsetu í sveitum óháð því hvaða framleiðslugrein sé stunduð og lögð áhersla á allt ferlið; bæði frumframleiðsluna (hinn eiginlega landbúnað) og úrvinnsluna (hina eiginlegu matvælaframleiðslu). Einstaklingar eigi að hafa það frelsi að geta metið hvers konar framleiðslu jörðin/húsnæðið/staðsetning hentar best fyrir, hvað þeir hafi áhuga á að rækta/framleiða, hvað markaðurinn vill / hvar tækifærin liggja o.s.frv. en taki ekki ákvörðun byggt á því hvað þeir geti fengið stuðning í. Um leið er mikilvægt að styrkjakerfið sé ekki sett þannig upp að núverandi framleiðsla líði fyrir það og með því sköpuð togstreita milli greina; tryggja að það sem fyrir er deyi ekki. Eitt þarf ekki að útiloka annað.

Fyrir þróun íslensks landbúnaðar skiptir miklu að litið sé á breytingar á neyslumynstri sem tækifæri en ekki ógn og að kerfið hvetji framleiðendur til að laga sig að kröfum markaðarins hverju sinni.

Styðja þarf myndarlega við þá frumkvöðla sem hefja ræktun á nýjum tegundum, enda þarf að auka fjölbreytni í íslenskri frumframleiðslu matvæla. Bendum á að í Danmörku er 30-40% endurgreiðsla á nýjum tækjum. Ef stjórnvöld vilja að ákveðnar greinar eflist, eins og kornrækt, er ekki ásættanlegt að einstaklingar taki alla áhættuna af því. Koma þarf inn einhvers konar afkomutryggingu fyrir þá sem vilja láta á það reyna.

Varðandi áherslu á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar, landvörslu og loftslagsmál verður að hafa nýjar ræktunaraðferðir eins og lóðrétt ræktun í huga, þar sem ekki er hægt að horfa á framleiðslu per hektara eins og vaninn er. Lóðrétt ræktun kallar á mun minna landsvæði, 60%-80% minni vatnsnotkun, er með minna kolefnisspor þar sem ekki er notast við landbúnaðartæki sem brenna jarðefnaeldsneyti og jarðrask í lágmarki. Því er þörf á mælieiningu sem nær yfir alla ræktun. Áður fyrr var hún tengd framleiðslumagni (output) en í dag landrými vegna ESB reglna, þ.e. hektaragreiðslur í stað framleiðslumagns.

Varðandi heimild ráðherra til að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda nautgripa- og sauðfjárafurða á lögbýlum og *framleiðenda garðyrkjuafurða á garðyrkjubýlum* bendum við á að framleiðendur garðyrkjuafurða einskorðast í dag ekki endilega við garðyrkjubýli.

Ræktun á ýmskonar garðyrkjuafurðum, s.s. salati, kryddjurtum, berjum og sprettum, er einnig í [atvinnuhúsnæði](#) (ekki gróðurhúsum) sem getur verið staðsett í borgum og öðru þéttbýli (e: Urban farming), enda hægt að rækta framangreint nánast hvar sem er, uppfylli húsnæðið þær kröfur sem gerðar eru til ræktunar garðyrkjuafurða. Hugtakið landbúnað þarf því að endurskilgreina þannig að það nái einnig yfir ræktun í þéttbýli.

Á Wikipedia er Ylrækt skilgreind á eftirfarandi hátt: *„ræktun plantna í upphituðum gróðurhúsum en ekki utandyra. Auk varmans er notast við lýsingu til að hjálpa til við vöxt plantnanna. Ýmist er ræktað í mold eða vatni sem kallað er vatnsrækt.“*

Þessa skilgreiningu þarf að endurskoða í takt við raunveruleikann í dag, nema vilji sé fyrir því að það hugtak eigi eingöngu við ræktun í gróðurhúsum og búa til annað hugtak fyrir ræktun í atvinnuhúsnæði, þ.m.t. á þökum fjölbýlishúsa.

7. Landbúnaður í stjórnarsáttmála

SSFM taka undir að tillagan að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland byggi á grunni vinnu verkefnisstjórnar um landbúnaðarstefnu, „Ræktum Ísland!“ sem unnin var með víðtæku samráði og samtali við hagaðila. Brýnt er að óþarfa tafir verði ekki á framlagningu stefnunnar þar sem svo virðist sem víðtæk sátt og samhljómur hafi náðst í vinnunni og við minnum á að landbúnaðarstefna er nátengd byggðastefnu.

SSFM taka undir að stuðningur hins opinbera verði samhæfður með það að markmiði að styrkja og fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun.

Þarfir markaðarins

Í samtökunum er afar fjölbreytt flóra matvælaframleiðenda sem ýmist framleiða matvæli úr eigin afurðum og/eða afurðum frá öðrum. Mikilvægt er að ekki sé gert upp á milli ólíkra tegunda landbúnaðar og matvælaframleiðslu heldur stuðlað að því að framleiðslan sé í takt við þarfir markaðarins / eftirspurn neytenda. Landbúnaður er matvælaframleiðsla þó öll matvælaframleiðsla sé ekki landbúnaður.

Fæðuöryggi

“Við endurskoðun búvörusamninga verði lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.”

Setja þarf skýra mælikvarða og aðgerðaáætlun um hvernig það skuli nást. Hvert lágmarkið þurfi að vera, hver staðan sé í dag og hvert markmiðið sé. Lögbinda þarf öryggisbirgðir mikilvægra aðfanga og hráefna og gæta þess að ekki sé dregið úr öryggisbirgðum því afleiðingar þess geta verið mjög alvarlegar.

Raforkuverð

“Aukinni framleiðslu á grænmeti verði náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga.”

Aðgangur að ódýrri orku er eitt það allra mikilvægasta til að efla matvælaframleiðslu og tryggja fæðuöryggi og getum við því ekki lagt nógu mikla áherslu á það.

SSFM leggja til að sett sé grunnverð fyrir matvælaframleiðendur (frumframleiðslu og úrvinnslu) sem byggir á þjóðhagslegu mikilvægi þeirra til að auka sjálfbærni og tryggja fæðuöryggi. Ekki setja upp sem niðurgreiðslu heldur semja um sérstakt verð til matvælaframleiðenda og líta á þá sem eina heild. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja blómlega matvælaframleiðslu í landinu. Í stað þess að kalla það niðurgreiðslu er gerður samningur því niðurgreiðslur er hægt að taka í burtu og hljóma eins og ölmusa.

Lífrænn landbúnaður

Mikilvægt er að lífrænn og hefðbundinn landbúnaður geti þróast og dafnað hlið við hlið og að Ísland nýti þau tækifæri sem lífrænn landbúnaður getur skapað til að ná loftslagsmarkmiðunum og bæta lýðheilsu. Til að af því geti orðið þarf að stórauka rannsóknir á áhrifum lífrænnar framleiðslu hér á landi og fræðslu um gildi lífrænnar ræktunar, hringrásarhagkerfis og heilðrænnar nálgunar til að ná markmiðum í þágu aukins heilbrigðis og betra umhverfis eins og lagt er til í “Ræktum Ísland!”

Ójöfn samkeppnisskilyrði

Með öllu óásættanlegt og í raun með ólíkindum að flytja megir inn afurðir sem ólöglegt er að rækta/framleiða hér á landi (t.d. Foie Gras) og afurðir sem framleiddar eru hér á landi en eru framleiddar erlendis með aðferðum sem eru í andstöðu við löggjöf hér á landi. Með því stuðlum við að viðgangi framleiðsluáðferða sem við höfum talið rétt að banna í okkar löggjöf og gerum samkeppnisskilyrðin ójöfn. Á þessu verður að taka, án tafar.

Vottaðar kolefniseiningar

SSFM leggja áherslu á að ef útfærður verður rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun þá sé þess gætt að slíkt kerfi stuðli ekki að hækkanu matvælaverðs og matvælaframleiðsla færir á færri hendur.

Brýnt er að lögfesta samhæfða túlkun og beitingu á hugtakinu „sjálfbær landnýting“ þar sem óvissa og ólík sýn þeirra aðila sem vinna með það hindrar framþróun.

Regluverk hamli ekki nýsköpun og framþróun

Gríðarlega mikilvægt er að regluverk hamli ekki nýsköpun og framþróun, svo sem sölu afurða beint frá býli á neytendamarkað sem mýmörg dæmi eru um að það geri eða að kerfið refsir frumkvöðlum þegar þeir feta inn á nýjar brautir sem regluverkið nær ekki utan um. Stofnanir þurfa að nálgast slík verkefni með opnum huga og bregðast við af meðalhófi.

Ekki er hægt að leggja nógu mikla áherslu á að í EES-löggjöfinni er lögð áhersla á sveigjanleika og meðalhóf gagnvart smáframleiðendum þar sem aðildarríkjum EES er m.a. heimilt að setja sér sérstakar reglur um minni matvælaframleiðslu, þ.e. framleiðslu þar sem matvæli eru afhent í litlu magni beint til neytenda. Mikilvægt er að smáframleiðendur hér njóti þeirra heimilda sem EES löggjöfin veitir, þ.m.t. að bændur/ræktendur megir halda “matarboð í heimahúsi” í hagnaðarskyni rétt eins og leyfilegt er í Færeyjum, Danmörku og víðar.

Þeir sem munu vinna eftir leiðbeiningunum komi að því að semja þær

Fjarlægja ætti allar hindranir sem stuðla ekki að auknu matvælaöryggi og auka kostnað við framleiðslu að óþörfu.

Til stuðla að því að regluverkið sé skynsamlegt/skiljanlegt er afar mikilvægt að þeir sem munu vinna eftir því komi að samningu þess, þá sérstaklega leiðbeiningunum sem fylgja reglugerðunum. Alltof algengt er að þeir sem semji leiðbeiningarnar hafi enga reynslu af því sem verið er að semja leiðbeiningarnar fyrir og búi til óþarfa hindranir og kostnað. Því er afar mikilvægt að þeir sem munu vinna eftir þeim séu með í ráðum.

Áfrýjunarnefnd

Þeir framleiðendur sem eru ósammála túlkun eftirlitsmanns ættu að hafa tök á að leita til sérfræðingahóps ráðuneytisins sem er ótengdur eftirlitsaðilum, eins konar áfrýjunarnefnd eða

úrskurðarhópur. Eftirlitsaðilar geta ekki verið dómarar í eigin sök. Fjöldmörg dæmi eru um að röng túlkun eftirlitsmanns hafi aukið kostnað framleiðenda verulega að óþörfu eða að þeir hafi gefist upp og hætt við að fara út í framleiðsluna. Framleiðendur sem eru ósammála túlkun eftirlitsaðila og geta fært fyrir því gild rök eiga að hafa tækifæri til að fá úr því skorið.

Einfalda og samræma eftirlitskerfið

Eins er mjög mikilvægt að einfalda og samræma betur eftirlitskerfi hins opinbera með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Eftirlitið er í dag bæði í höndum ríkisstofnanna og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum. Tryggja verður að framkvæmd eftirlits sé sambærileg um land allt þannig að ójafnvægi myndist ekki milli aðila eða landshluta.

Niðurstaða greiningar KPMG frá september 2021 er sú að endurskoða þurfi núverandi eftirlitskerfi, m.a. þar sem ósamræmis gætir í framkvæmd opinbers eftirlits og skráningum eftirlitsaðila, auk þess sem 39% munur sé á hæsta og lægsta tímagjaldi heilbrigðisnefnda“. SSFM taka heilshugar undir það og vita af mörgum dæmum um ósamræmi sem hafa kostnað framleiðendur mikið, t.d. þegar einn eftirlitsmaður krafðist þess að salerni væri komið fyrir á ákveðnum stað og sá sem tók við af honum að það væri rífið niður þegar það hafði verið byggt. Vegna þessa fara milljónir í súginn ár hvert.

Það er samfélaginu dýrt að frumkvöðlar hætti vegna óþarflega íþyngjandi og kostnaðarsamra krafna sem ítrekað hefur gerst. Þar sem matvælaölggjöfin byggir á markmiðum þá túlka eftirlitsaðilar á ólíkan hátt hvernig þeim skuli náð og finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir það.

Aðeins eftirlitsaðili svæðisins geti gert athugasemdir við framleiðandann

Setja þarf kerfið þannig upp að eftirlitsaðilar annarra svæði geti ekki gert athugasemdir beint við framleiðendur (eða viðskiptavini þeirra) sem þegar eru komnir með leyfi frá eftirlitsaðila á sínu svæði, heldur verði að taka þær upp á vettvangi Heilbrigðiseftirlitsins. Ef sá sem vottaði framleiðsluna tekur undir athugasemdirnar sé það í hans höndum að gera þær. Þetta eigi líka við þegar eftirlitsmaður innan sama svæðis hefur athugasemdir.

Í dag er kerfið þannig sett upp að framleiðandi sem kominn er með leyfi getur lent í því að eftirlitsaðilar á hinum níu svæðunum geri athugasemdir og jafnvel aðrir eftirlitsmenn innan sama svæðis. Mörg dæmi um að þetta hafi gerst og valdið framleiðendum vandræðum, óþarfa kostnaði og töfum. Þetta fyrirkomulag er fullkomlega óásættanlegt.

8. Vinna matvælaráðherra við landbúnaðarstefnu

„Ljóst er að mikil tækifæri felast í næstu endurskoðun búvörusamninga enda samningarnir sú umgjörð sem sett er um m.a. stjórn á framleiðslu búvara, framlög til landbúnaðarins, aðrar nýttjajurtir og afurðir hlunninda. Mikilvægt er að sú endurskoðun falli að stefnumiðum nýs matvælaráðuneytis og taki mið af þeim áherslum sem koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.“

SSFM taka undir það að endurskoðun búvörusamninga falli að stefnumiðum nýs matvælaráðuneytis og taki mið af þeim, þá sérstaklega með það að markmiði að efla matvælaframleiðslu, þ.e. framleiðslu matvæla úr undirstöðuafurðum – hafa þarf alla virðiskeðjuna í huga.

Matvælastefna landsins þarf að vera til lengri tíma en fjögurra ára og má ekki sveiflast fram og til baka vegna geðþóttaáávarðana einstakra valdhafa hverju sinni. Framleiðendur verða að geta búið við lágmarks stöðugleika, fyrirsjáanleika og starfsöryggi.

9. Staða fiskeldis

„Miklir möguleikar eru jafnframt í eldi þörunga, bæði á sjó og landi, sem og skelrækt.“

Spurningin er, hvers vegna voru þá sett [lög um bann við skelfiskrækt](#) árið 2012, eða svo gott sem?

Þörunga- og skelfiskrækt þarf að lyfta upp sem grein og gera sýnilegri og auka fókusinn á hana.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar SSFM

Oddný Anna Björnsdóttir,
Framkvæmdastjóri